

armálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr, 29/1914

Hið opinbera

gegn

Valdimar Valdimarssyni.

Steingrími Árnasyni

og

Guðmundi St. Guðmundssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdsstjórnarinnar fyrir lögreglurétti Ísafjarðarsýslu gegn Valdimar Valdimarssyni, Steingrími Árnasyni og Guðmundi St. Guðmundssyni mótorbátsformönnum í Hnífsdal fyrir brot á lögum um váttryggingu fyrir sjómenn 30. júlí 1909 og voru þeir með dómi lögregluréttarins, uppkveðnum 2. apríl þ. á., dæmdir til að greiða váttryggingargjald fyrir vor- og sumarvertíð 1913, Valdimar 20 kr. 16 a., Steingrímur 30 kr. 96 a. og Guðmundur 25 kr. 92 a. og málskostnað einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Þessum dómi er skotið til yfirdómsins bæði af hálfu valdstjórnarinnar og eftir beiðni hinna kærðu.

Það er viðurkent af hinum kærðu og sannað með öðrum skýrslum, að þeir réðu háseta á báta sína vor- og sumarvertíð f. á. og héldu bátunum úti, án þess að senda hreppstjóranum skýrslu þá um bátshöfnina, sem fyrir er

mælt um í 2. gr. síðari málsg. nefndra laga, eða senda honum váttryggingargjaldið, og að þeir hafi neitað að greiða það, þegar hann krafði þá um það haustið 1913. Til afsökunar hinum kærðu er því haldið fram, að þeir hafi eigi álitid sér skylt að greiða þetta gjald, bæði af því að sumar vertíðir hafi það alls ekki verið innheimt, og hreppstjórinn hafi látið í ljósi við suma menn, að hann vildi eigi fást við þá innheimtu fyrir en lögunum væri breytt, og af því að þeir telji, að 1. gr. 2. málsg. váttryggingarlaganna sé rétt skilin þannig, að eigi sé skylt að váttryggja sjómenn á vélabátum og róðrarbátum nema fyrir eina vertíð á ári, en þeir hafa greitt váttryggingargjald fyrir haust og vetrarvertíð 1913—14.

Það er að vísu upplýst, að innheimta á váttryggingargjöldum í Hnífsdal hefir eigi verið regluleg síðan nefnd váttryggingarlög komu í gildi; hafa sumar vertíðir alveg fallið undan, svo að ekkert gjald hefir verið greitt fyrir þær, og gjöldin hafa að jafnaði verið innheimt eftir ár, en ekki fyrir fram eins og fyrir er mælt í 2. gr. laganna. En þó að innheimtan væri slæg, gat það ekki gefið kærðu ástæðu til að ætla, að þeir væru undanþegnir gjaldinu eða lausir við að senda hreppstjóra skýrslu þá, er ræðir um í 2. gr. laganna, og það verður eigi heldur ætlað eftir því sem fram er komið, að hreppstjórinn hafi gefið þeim tilefni til að líta svo á. Orðin í 1. gr. laganna, niðurlagi síðari málsgreinar »minst eina vertíð á ári«, verður að skilja svo, að þau eigi við setninguna næst á undan um úthald bátanna, en ekki við upphafsetninguna, þannig að váttryggingarskyldan taki að eins til einnar vertíðar á ári. Og þó að ónákvæm merkja-setning í þessari málsgrein geti valdið misskilningi, þá

var það á ábyrgð kærðu, að skilja þetta ákvæði laganna rétt, og misskilningur á því getur eigi komið þeim undan sök.

Það þykir nú ekki vera næg heimild til að skylda hina kærðu til að greiða váttryggingargjald fyrir áhættu, sem löngu er umliðin og innheimta það hjá hásetum, sem fyrir löngu hafa yfirgefið skipsrúmið með afla sinn, en hinsvegar verða kærðu að sæta sekt fyrir brot á nefndum lögum og þykir hún hæfilega ákveðin samkvæmt 10. gr. laganna 25. kr. fyrir hvern þeirra og renni að hálfu í sveitarsjóð Eyrarhrepps, en að hálfu í váttryggingarsjóð. Ennfremur ber hinum kærðu að greiða að $\frac{1}{8}$ hluta hverjum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins í héraði athugast, að þar hefir að ýmsu leyti verið vikið frá meðferð almennra lögreglumála, en þó eigi svo, að nauðsynlegt sé að ónýta dóminn fyrir þá sök. Að öðru leyti hefir meðferð málsins verið vitalaus og málfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu, Valdimar Valdimarsson, Steingrímur Árnason og Guðmundur St. Guðmundsson greiði 25 kr. sekt hver, helminginn í sveitarsjóð Eyrarhrepps og helminginn í váttryggingarsjóð. Þeir greiði og allan kostnað máls þessa í héraði og fyrir yfirdómi að $\frac{1}{8}$ hluta hver þeirra. Þar með talin málaflutn-

ingslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfir-
réttarmálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Eggerts-
Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðn-
ar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 12. okt.

Nr. 15 1914

Réttvísinn

gegn

Arna Friðriki Jónssyni

og

Kristjönu Guðmundsdóttur

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 4.
nóv. f. á voru hin ákærðu, Arni Friðrik Jónsson bóndi í
Furufirði og stjúpdóttir hans Kristjana Guðmundsdóttir
sama staðar dæmd fyrir sífjaspell samkvæmt 163. gr.
alm. hegningarlaga og hún ennfremur samkvæmt 193.
gr. sömu laga fyrir að hafa deytt nýfætt barn sitt, í betr-
unarhúsvinnu, ákærði í 12 mánuði og ákærða í 4 ár.
Þau voru, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt dæmd til að
greiða allan málskostnað, þar með taldar 5 kr. til tals-
manns þeirra Sigurðar Jónssonar kennara. Dómi þessum
hefir af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Ákærði, Arni Friðrik Jónsson, sem er fæddur 22.
febrúar 1880, kvæntist haustið 1908 ekkjunni Elínu Jóns-